



## Bréfa- og málasafn 1964

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Bréf – Henrik Sv. Björnsson – Guðrún Bjarnadóttir – George Johnson – Gunnar Sigurðsson – Óttarr Möller – Grettir Eggertsson –

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-30, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur





S A M R I T fyrir forsætisráðherra.  
=====

Db. 1.R.3.

12. júní 1964.

Nr. 384.  
Greiðsla fyrir forsætisráðherra.

Samkvæmt beiðni Dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, hefur sendiráðið greitt ungrá Guðrúnu Bjarnadóttur, £:40-0-0d. Hefur upphæðin verið færð ríkissjóði til gjalda á reikningi yfirstandandi ársfjórðungs.

Samrit af bréfi þessu sendast ríkisbókhandlunni og forsætisráðherra.

Sign. Henrik Sv. Björnsson

*Bestu væðingur*  
*H.S.B.*

Utanríkisráðuneytið,  
Reykjavík.



SENDIRÁÐ ÍSLANDS Í LONDON

SAMRIT

SENDIRÁÐ ÍSLANDS Í LONDON, hefur í dag  
skv. beiðni Dr. Bjarna Benediktssonar, forsætis-  
ráðherra, greitt með fundirritaðri £:40-0-0d -  
fjörutíu sterlingspund -

Móttaka greiðslunnar viðurkennist hér með.

London, 12. júní 1964.

*Bjarni Benediktsson*  
.....

£:40-0-0d.

=====



MINISTER OF EDUCATION  
WINNIPEG 1

August 17th, 1964.

The Honourable Dr. Bjarni Benediktsson,  
Prime Minister of Iceland,  
Reykjavick, Iceland.

Dear Dr. Benediktsson:

Many thanks for your gift and friendly note which you left for me prior to your departure from Manitoba. The whale's tooth is much appreciated and I can assure you that Jon will have much to tell his friends about the mighty Vikings from Iceland. He will no doubt point out to his friends that this is one of the first set of teeth that the normal Viking discards as he reaches puberty!

I can assure you that Mrs. Johnson and I were highly honoured by your presence among us. There is so much to see and so much to be done, of course, that time does not permit you to see everything that we would like to have shown you in our fine province. I know that the Icelandic community, and especially the residents of Betel Home, were most grateful for the opportunity to meet you and for your presence among us for even so short a time.

Best wishes until we meet again.

Yours very sincerely,

George Johnson, M.D.

GJ/ib



# HÓTEL BORG $\frac{H}{F}$

REYKJAVÍK



SÍMNEFNI • TELEGRAMS • HOTELBORG

SÍMAR • TELEPHONES • 11440 (4 línur • 4 lines)

St. i Reykjavík, hinn 21.5.64

Þóði min,

Þú er meður aftur floginn í breiðrið,  
en ég tók með mér hjálagaða bók, sem þú  
vonandi hefur ástæðu af að lesa.

Þetta eru síðustu af minningarnar,  
strífar af fyrr. ráðherra íhaldsflokksins  
bretska. En mi hefur flokkurinn látið þad  
kód út ganga, — í Guðanna barnum gefið  
ekki út fleiri persónulegar endurminningar  
fyrr en eftir kosningarnar í haust!

Við Hulda verðum hjó, til næstu  
viku loka. — mér þatti gaman, ef þú gæti  
einskonnum þima fengið tækifæri til að ræða  
við þig í rólegheitum, að er er þú fer hjóðan.

Með bestu kveðju til þins og þinnar  
ágeða konu.

Þinn einleigus

Ólafur Þorsson



Seljatungu 29 jan. 1964.

Vegna fréttu er útvärpið og blöð nara að undanförmu flutt frá Alþingi, leyfi ég mér herra ráðherra, að senda þouf eftirfarandi línur.


Fjárhagsnefnd Neðri-deildar er sögð flytja þar tillögur í sambandi við frumvarpið um aðstoð ríkisins við sjávarútvegin- og útflutnings- atvinnuvegina- að ríkissjóður taki á sínar herðar lækkun fiskverðs er nemi 6%. Orsök þessarar tillögu er sögð sú, að úrskurour yfirneindar verðlagsráðs sjávarútvegsins, hafi mettt svo mikilli andspyrnu útgerðar- manna og sjómanna, að ríkisstjórnin sjái sig til knúða að gjöra hér bót á. Nú vil ég ekkert rengja það, að sjómenn og útvegsmenn séu óánægðir með það fiskverð er oddamaður yfirnefndar þeirrar verðákvörðunnar hefir látið á þrikk út ganga. En það var kjarni þessa bréfs, að þeina því til yðar herra ráðherra hvort ekki stæði hér ögnlítið svipað á og með verðlagningu landbúnaðarvara, og hvort stætt yrði framur á því að hlíta úrskurði oddamans yfirnefndar landbúnaðarvöruverðsins þegar Alþingi að forgöngu hæðstvirtrar ríkisstjórnar hefir farið ofaní ákvörðun yfirnefndar sjáfarútvegsins, hvað eru þó lög í landinu að skuli vera bindandi um verð á fiski viðkomandi verðlagsár. Enn allir vita að hart er nú sótt á að ómerkja í vitund þenda þau lög er sett voru 1947 um verðlagningu búvaranna. Eftir vill kemur hér til fáfræði mín og að hér sé engu líku saman að jafna og skal ég þá fúslega taka orð mín aftur að þessu leiti. En sé svo ekki vil ég í einlegni vara við þvílíkri ákvörðun er nú virðist í uppsiglingu ganvart sjávarútvegi og bendi á að þar með er oppnuð leið fyrir þendur að herða enn róður sinn til afnáms Framleiðsluráðslaganna, hvað þeir að mínu álitu ettu vel við að una. Sve er og á hitt að líta, að ríkisstjórnin er nú stöðð í öldudal vinsalda eftir mistökin í nóvember sem hinn óbreyttu og haturslausu borgari telur mikil vera að ekki skildi á sett stöðvunar- lögin, og þar af leiðandi vandséð að hún þæti styrk sinn í almennings- álitinu með því að taka aftur upp anga af hinu illræmda uppþótarkerfi



vinstri-stjórnar tímabilsins. En eins og ég áður sagði, þá má vel vera að ég fari hér með máleðli vegna misstillings, og ekki síðst þess vegna vil ég ekki láta skoðanir mínar um þetta mál annarstaðar í ljós, fyrr en ég þá væri viss um að hér sé um svipuð mál að ræða.

Það er hinsvegar bjargföst skoðun mín, að enda þótt að nú hafi um sinn sirt í álinn fyrir vinsældum og tiltrú til ríkisstjórnarinnar, þá verði það þessi stjórn, þessir menn og þessir flokkar sem nú fara með stjórn landsins, sem áður en langt liður geta komið málum svo fyrir í þjóðfélagi voru, að þeir „gósen“ tímar er hún með fjármálakerfi sínu uppvakti árið 1960, standi traustir fyrir heift, yfirboðum og afbríðisemi vanstilltrar stjórnarandstöðu. Ég bið afsökunnar á að ég skuli ráðast að yður herra ráðherra með þessar mínar hugsanir, en hugleiðis þær samt.

Virðingarfyllt.




Til herra Forsetisráðherra Bjarna Benediktssonar.

Samhljóða bréf hefi ég leyft mér að senda  
hæðstvirtum Landbúnaðarráðherra, Ingólfi Jónssyni.

G.S.





# H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

SÍMNEFNI:

EIMSKIP, REYKJAVÍK

SÍMI:

19460 - 15 LÍNUR

OM/SO

REYKJAVÍK, 6. janúar 1964.

Hr. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Ég leyfi mér að vísa til samtals okkar 3. þ.m. út af bréfi mínu til stjórnarformanns Eimskipafélags Íslands dags. sama dag.

Þar sem þú óskaðir sérstaklega eftir nánari skýringum frá mér í sambandi við síðustu málsgreinina á annari blaðsíðu bréfsins, vil ég hérmeð verða við þeirri ósk.

Ég segi þar "að jafna þurfi án tafar flutningsgjöldin þannig að alls staðar sé arðs von" ... "en ekki að sumir flutningar gefi ofsahagnað, en aðrir stór-tap".

Það sem hér er átt við er fyrst og fremst það, að staðreyndir sýna að frystiflutningarnir með núverandi flutnings-töxtum gefa verulegan hagnað, en flutningur á matvörum og fódur-vörum í sekkjum til Reykjavíkur og ekki sízt til ýmsra staða á ströndum landsins eru framkvæmdir með stór-tapi. Vegna mikillar samkeppni um aðra flutninga til landsins er ekki hægt að segja að þar sé um mikinn hagnað að ræða.

Vegna stórkostlegs hagnaðar á frystiflutningunum hafa Jöklar h.f. ekki séð ástæðu til að hækka flutningsgjöld á inn-flutningi til jafns við Eimskipafélagið, enda þótt almennt sé viðurkennt að hin hækkuðu flutningsgjöld séu á engan hátt umfram sannvirði. Er nú svo komið að Eimskipafélagið liggur undir aföllum vegna ásóknar um lækkanir á þeim töxtum sem það nú tekur, jafnvel þótt viðskiftamenn vilji viðurkenna réttmæti hinna hækkuðu taxta. Kemur hér til samkeppni kaupmanna innbyrðis sem knýr þá til að sækja á um lækkanir til jafns við keppinauta sína, er fa vörur með skipum Jökla h.f.



Hr. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson.

6/1. 1964.

Meginorsök þessa ástands má telja þá að vegna hins háa og þá um leið ábatavænlega taxta á frystiflutningum eru þarfir Jökla h.f. fyrir hækkaða taxta á innflutningi ekki knýjandi. Þeir geta því sér að meinalausu tekið lægri taxta á innflutningi en Eimskipafélagið, því frystiflutningarnir einir nægja þeim til að bera uppi allan rekstur skipastóls síns með ríflegum afskriftum og annar flutningur er því umframhagnaður. Það liggur því í augum uppi að einasta leiðin sem opin er, eftir að þeir áður hafa hafnað öllum tilmælum um skynsamlega og sanngjarna samvinnu hlýtur að vera sú að lækka taxtana á frystum fiski þannig að einokunaraðstöðunnar til að sitja einir að öllum frystivöruflutningunum verði ekki neytt til að eyðileggja viðskifti Eimskipafélagsins eins og nú virðist stefnt að.

Sú jöfnun sem ég þannig á við í áður nefndum ummælum mínum er að lækka þurfi þau flutningsgjöld sem gefa Jökklum h.f. og fleirum möguleika til stórgróða á frystiflutningunum, en hækka hin sem leggja á Eimskipafélagið kvaðir um stórtöp á flutningi fóður- og matvöru.

Ég vona að mér hafi tekist að skýra svo sem nauðsyn krefur hvað fyrir mér vakir og vona að ég geti átt von á stuðningi við þessi sjónarmið, sem ég trúir að séu rétt og ekki ósanngjörn. Fyrir Eimskipafélagið er ekki önnur leið sjáanleg en sú undir þeim kringumstæðum sem nú eru fyrir hendi en að berjast fyrir tilveru sinni og slíkt verður vart gert nema með meðulum viðskiftalegs eðlis.

Ef Eimskipafélagið fengi framvegis meiri frystiflutning en nú er, myndi slíkt þýða betri fjárhagslega útkomu með hinum lækkaða taxta, en nú er með flutningi annarra útflutningsvara.

Eftirfarandi dæmi sýna mismun á tekjum af flutningi ef annars vegar er flutt fiskimjöl og hins vegar farmur af frystum fiski, með hinum lækkuðu flutningsgjöldum í frystirúmi skipanna:

Til Evrópu:

A) "Selfoss" - "Brúarfoss" - Frystirúm 96.000 cbf.

Fiskimjöl	1475 tonn	á 486/-	= Kr: 716.850.-
Fryst flök	1810 "	á 669/-	" 1.210.890.-
Fryst síld	2230 "	á 547/-	" 1.219.810.-

B) "Goðafoss" - "Dettifoss" - "Lagarfoss" - 80.000 cbf.

Fiskimjöl	1230 tonn	á 486/-	= Kr: 597.780.-
Fryst flök	1500 "	á 669/-	" 1.003.500.-
Fryst síld	1860 "	á 547/-	" 1.017.420.-



Hr. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson.

6/1. 1964.

Gera má ráð fyrir að eftirfarandi óbeinn árangur gæti náðst með lækkun frystivörutaxta:

- 1) Eftir lækkunina yrðu Jökla h.f. e.t.v. tilleiðanlegir til sanngjarnar samvinnu um atriði sem yrði að telja þjóðfélagslega réttlátt að höfð væri samvinna um.
- 2) Stórgróði á frystiflutningum hjá aðilum sem ekki þurfa að bera neinar þjóðfélagslegar kvaðir á móti yrði stöðvaður.

Að því er mat- og fóðurvöruflutningana áhrærir verður að segja það undandrattarlaust að ekki getur lengur talist fært að halda þeirri stefnu að aðrar vörur eigi að bera uppi tap á þeim. Kemur hér bæði til hin aukna samkeppni sem eins og marg endurtekið er gerir slíka stefnu óframkvæmanlega, þar sem aðrir geta náð til sín þeim flutningum öðrum er bera eiga uppi tapið af þeim flutningum. Hin slæma útkoma á rekstri Eimskipafélagsins vegna sívaxandi reksturskostnaðar krefst aukinna tekna. Frekari hækkun á almennum flutningsgjöldum nú umfram það sem orðið er, virðist útilokuð eins og ástætt er. Er því ekki annað um að velja en hækkun á flutningsgjöldum á mat- og fóðurvörum, þar sem vart kemur til greina að Eimskipafélagið geti losað sig við þá flutninga þótt slíkt væri e.t.v. ekki óréttmætt frá viðskiftalegu sjónarmiði séð.

Eins og kunnugt er, er mat- og fóðurvara nú flutt frá U.S.A. fyrir \$ 12.00 per tonn, en það er sama og kostnaðurinn er við að lesta vöruna í New York. Flutningsgjöld þessara vara er skv. greinargerð 15/7 '63 frá Klemenz Tryggvasyni, Jónasi Haralz og Jóhannesi Norðdal, sem hér fer á eftir:

	Farmgj. E. Í.	Farmgj. N.A. Conf. ( = 4% )
Fóðurmjöl per 1000 kg.	Kr: 525.00	Kr. 1.615.00
Hveiti " " "	" 525.00	" 813.00
Smjörlíkósolíur	" 693.00	" 2.123.00
Sykur per " "	" 662.00	" 1.849.00

Með beztu kveðju,



Ottarr Möller.



S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Háskólasjóð H/F Eimskipafélags Íslands

---

1. gr.

Nafn sjóðsins er HÁSKÓLASJÓÐUR H/F EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um alla þá Vestur-Íslendinga, sem hlut áttu að stofnun H/F Eimskipafélags Íslands. Stofnendur teljast allir þeir, er afhenda sjóðnum gjafir fyrir árslok 1966.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni Háskóla Íslands svo og að styrkja efnilega stúdenta til náms við Háskólann eftir ákvörðun Háskólaráðs.

4. gr.

Stofneign sjóðsins nú er kr. 342.000,00. Er stofneignin öll í hlutabréfum H/F Eimskipafélags Íslands að nafnverði kr. 342.000,00.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheimum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn: Stjórnarformaður H/F Eimskipafélags Íslands, varaformaður og forstjóri félagsins. Fjórða stjórnarmanninn tilnefna stofnendur úr sínum hópi. Getur hann falið manni, búsettum á Íslandi, að fara með atkvæði sitt á fundum sjóðsstjórnar.

Eftir lát stofnenda skal stjórn sjóðsins skipuð þeim þrem mönnum, er fyrstir eru nefndir hér að framan.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin



halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra, er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur H/F Eimskipafélags Íslands.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir, ásamt reikningum Eimskipafélagsins. Skal Háskólaráði sent eintak af reikningunum.

7. gr.

Meðan í gildi eru ákvæði samþykka H/F Eimskipafélags Íslands um tilnefningu og kjör af hálfu vestur-íslenzkra hluthafa í stjórn félagsins, skal atkvæðisréttur, er fylgir hlutabréfum, er sjóðurinn hefir hlotið að gjöf frá mönnum, búsettum í Vesturheimi, vera í höndum gefenda, eða þeirra, er þeir hafa falið að fara með atkvæði.

Við lát gefenda, fellur þessi atkvæðisréttur til stjórnar sjóðsins, er fær að öllu leyti sama atkvæðisrétt sem vestur-íslenzkir hluthafar.

Sjóðsstjórn er heimilt að selja hlutabréf sjóðsins fyrir hagkvæmt verð, en þó aldrei fyrr en gefandi er látinn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík 5. nóvember 1964,

Grettir Eggertson

(í umboði fyrstu stofnenda)

Rétt eftirrit staðfestist hér með.

Reykjavík 7. nóvember 1964,

